

197
23. nóv.

AUGLÝSING

um breyting á kærufresti til ríkisskattaneftndar.

Samkvæmt heimild í 62. gr. laga nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattaneftndar út af tekju- og eignarskatti, álgðum í Reykjavík, vera 14 dagar frá dagsetningu úrskurðar yfirsattaneftndar Reykjavíkur.

Fjármálaráðuneytið, 23. nóvember 1960.

F. h. r.
Sigtr. Klemenzson.

Björn Hermannsson.

198
23. nóv.

AUGLÝSING

um breytingu á lyfjaverði samkvæmt lyfsöluskrá I.

Frá og með 28. nóvember 1960 hækkar verð á lyfjum samkvæmt lyfsöluskrá I, sem tók gildi 15. september 1959, þannig að 20% álag á lyfsöluskrárverðið, sem ákveðið var frá og með 1. maí 1960, verður nú 32%. Enn fremur er heimilt að taka sérstakt gjald, kr. 2.00, fyrir hverja afgreiðslu lyfja í lausasölu samkvæmt lyfsöluskrá I frá og með 28. nóvember 1960.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. nóvember 1960.

F. h. r.
Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

199
23. nóv.

SAMÞYKKT

um takmörk verzlunarlóðar við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Garðahrepps hefur með samþykki sýslunefndar ákveðið takmörk verzlunarlóðar við Arnarnesvog, sem hér segir:

Frá mörkum Kópavogskaupstaðar og Garðahrepps við sjóinn, meðfram strandlengjunni að Gálgahrauni og meðfram austur- og norðurbrúnum Gálgahrauns og Garðahrauns í Engidal að vörðu á hraunbrúninni við Hafnarfjarðarveg. Þaðan bein lína í Hádegishól. Þaðan bein lína í markalínu Hofsstaða og Silfurtúns þar sem hún kemur að Vífilsstaðavegi. Síðan eftir þeim mörkum að Arnarneslæk. Þá meðfram Arnarneslæk að Hafnarfjarðarvegi og meðfram honum að mörkum Kópavogskaupstaðar og Garðahrepps. Þá meðfram þeim mörkum til sjávar.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905, um 199 ákvörðun verzlunarlóða, sbr. lög nr. 37/1960, og birtist til eftirbreytni öllum, sem 23. nóv. hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 23. nóvember 1960.

Ingólfur Jónsson.

Porv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

200

varðandi gin- og klaufaveiki.

30. nóv.

Vegna þess að gin- og klaufaveikifaraldur gengur nú á Bretlandseyjum, vill landbúnaðarráðuneytið vekja athygli yfirvalda og almennings á því, að stranglega ber að fylgja reglum laga nr. 11/1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

Tekið skal fram, að samkvæmt téðum lögum og auglýsingu þessari er:

Bannaður með öllu innflutningur á heyi, hálm, alidýraáburði, sláturafurðum hvers konar, húðum, mjólk og mjólkurafurðum sem og eggjum.

Stórgripahúðir, sem nota þarf við togveiðar hér við land, má þó flytja inn, enda séu þær sóttthreinsaðar erlendis og einnig þegar þær koma hingað til lands.

Frá Bretlandseyjum er enn fremur bannaður innflutningur á lifandi jurtum, trjám, trjágreinum og kónglum, grænmeti og hvers konar garðávöxtum.

Farþegar og áhafnir farartækja skulu gefa yfirlýsingu samkvæmt 4. gr. laganna um dvöl sína erlendis, strax og þau koma til Íslands.

Með auglýsingu þessari er felld úr gildi auglýsing, dags. 24. júlí 1953 (Lögbirtingablað nr. 57 1. ágúst 1953).

Brot á lögum nr. 11/1928 og auglýsingum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1960.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

GJALDSKRÁ

201

um vatnsskatt í Suðureyrarkauptúni, Súgandafirði.

25. nóv.

Vatnsskattur skal vera sem hér segir.

1. gr.

Lágmarksgjald skal vera 200 — tvö hundruð — krónur á ári af hverju húsi, sem vatn er leitt í.

2. gr.

Af hverju íbúðarhúsi skal greiða árlega í vatnsskatt 50 krónur af hverju heilu þúsundi eða broti úr þúsundi fasteignamats upp að 8 þúsund krónur, en 20 krónur af hverju þúsundi þar fram yfir, upp í 18 þúsund krónur. Af hverju þúsundi fasteignamats fram yfir 18 þúsund, skal greiða 10 krónur.